

310. fundur Skólanefndar FS

11. október 2011



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Fanney D. Halldórsdóttir, Oddný Harðardóttir, Hjálmar Árnason, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, María Magnúsdóttir og Sölvi Logason og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Skólameistari fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Kosning formanns.
2. Starfið á haustönn 2011.
3. Fjárlög 2012.
4. Önnur mál.

1. Kosning formanns.

Formaður skólanefndar kosinn. Lagt til að Kristbjörn Albertsson verði formaður skólanefndar; samþykkt samhljóða.

2. Starfið á haustönn 2011.

Skólameistari sagði frá starfinu á haustönn. Hann tók sérstaklega fram að mjög vel hafi verið haldið um stjórn skólans á meðan hann var í leyfi og nefndi þar sérstaklega Kristján Ásmundsson, settan skólameistara. Skólameistari kynnti tölur um fjölda nemenda en nemendur á önninni eru 1144 í dagskóla, 68 í kvöldskóla og þá stunda 88 nemendur úr 10. bekk nám í einstökum áföngum. Skólameistari sagði einnig frá breytingum á starfsliði og dreifði lista yfir starfsfólk skólans. Skólinn er að hefja þátttöku í verkefni Lýðheilsustöðvar um heilsueflandi framhaldsskóla. Nýir verktakar hafa tekið við ræstingum og rekstri mótuneytis.

3. Fjárlög 2012.

Skólameistari kynnti stöðu skólans í tillögum ráðuneytis vegna fjárlaga fyrir árið 2012. Hann dreifði síðan yfirliti yfir fjárveitingar og fjármál skólans fyrir árin 2009 til 2011.


4. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá hugmyndum um aukið samstarf við aðrar menntastofnanir og skóla á Suðurnesjum. Nefndarmenn hvöttu eindregið til þess að þetta samstarf verði aukið og fólu skólameistara að hafa frumkvæði að því.

b) Skólameistari sagði frá stofnun og starfsemi Fisktækniskólans í Grindavík en verkefnið hófst árið 2007 með samþykkt skólanefndar.

c) Rætt um skemmtanir sem einstakir nemendur skólans hafa staðið að en eru ekki á vegum nemendafélagsins. Ákveðið hefur verið að benda foreldrum á að þessar skemmtanir séu ekki á vegum NFS.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari